

**475. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 30. september 2014  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

**Dagskrá:**

**1. 1207047 - Deiliskipulag Norður - Botn**

Deiliskipulag Norður Botn

Tekið fyrir deiliskipulag fyrir Norður Botn.

Á 47. fundi sínum þann 15. október 2013 samþykkti byggingarnefnd að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagstillöguna. Hreppsnefnd samþykkti jafnframt að auglýsa tillöguna á 461. fundi sínum þann 13. nóvember 2013. Deiliskipulagið var auglýst frá 9. desember 2013 til 24. janúar 2014. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Óskað var eftir auka umsögn Fiskistofu eftir auglýsingatíma. Fiskistofa gerði athugasemd við deiliskipulagstillöguna og benti á að umsögn sérfræðings vegna mögulegra áhrifa framkvæmda á lífríkið væri ein af forsendum fyrir leyfisveitingu. Í kjölfarið var leitað til Náttúrustofu Vestfjarða sem gerði athugun á búsvæðum og seiðabúskap í Botnsá, sem birt er í skýrslu dags. ágúst 2014. Eftirfarandi köflum hefur verið breytt í greinargerð í samræmi við niðurstöður athugunarinnar:

Kafli 1.6.5 Náttúrufar

Kafli 2.3 Möguleg áhrif mismunandi valkosta

Kafli 2.4.1 Náttúra

Kafli 3.8 Efnistaka

Skipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til yfirferðar og svaraði stofnunin í bréfi dags. 20. maí 2014. Í kjölfarið var umfjöllun og skilmálar í greinargerð gerðir skýrari. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Kafla 1.6.3 Núverandi starfsemi er bætt inn.

Fjallað er um vöktun í kafla. 2.5. Jafnframt var bætt við kafla um vöktun vegna fiskeldis og efnistöku, þ.e. kafla 3.16 vöktun.

Fjallað er skýrar um efnismagn og frágang náma kafla 3.8.

Fjallað er skýrar um frárennsli og fráveitu í kafla 3.9.

Fjallað er skýrar um meðhöndlun úrgangs í kafla 3.12

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa hana til endanlegrar afgreiðslu og að auglýsa niðurstöðuna.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.**

---

---

---

---

---

---

---

---